



Efni: Samkomulag um námsstyrk

Kópavogsbær (kt. 700169-3759), Digranesvegi 1, 200 Kópavogi, annarsvegar og

kt. _____

starfsmaður í leikskólanum _____

hinsvegar, gera með sér svohljóðandi samkomulag um greiðslu námsstyrks.

Námstyrkurinn byggist á reglum fyrir starfsmenn leikskóla Kópavogs, dags. 25. maí 2023, varðandi styrki til náms í leikskólakennarafræðum, sjá fylgiskjal, sem starfsmaður hefur kynnt sér vel.

Þessi samningur er gerður á grundvelli:

3. gr. reglnanna fyrir starfsmenn í leikskólakennaranámi, sem lýkur með leyfisbréfi kennara og sérhæfingu á leikskólastigi.

3.1. gr. reglnanna fyrir starfsmenn í fagháskólanámi í leikskólakennarafræðum, tveggja ára nám sem samsvarar fyrsta árinu í leikskólakennaranámi.

4. gr. reglnanna fyrir háskólamenntaða starfsmenn sem hyggjast bæta við sig námi til að fá leyfisbréf kennara og sérhæfingu á leikskólastigi.

5. gr. reglnanna fyrir leikskólakennara með eldra próf sem vilja bæta við sig B.Ed. gráðu í leikskólafræðum.

6. gr. reglnanna fyrir leikskólakennara sem óska eftir að fara í meistaranám í leikskólafræðum eða stjórnun menntastofnana. Námi skal lokið með meistaragráðu, en hið minnsta diplómagráðu.

7. gr. reglnanna fyrir starfsmenn í leikskólabrú Borgarholtsskóla eða sambærilegu námi.

Samkomulagið gildir fyrir skólaárið 20_____ til 20_____

Starfsmaður á ekki tilkall til frekari styrks eða greiðslna vegna námsins frá Kópavogsbæ en sú regla sem greitt er eftir kveður á um.

Starfsmaður skuldbindur sig til að virða í einu og öllu lögbundna þagnar- og trúnaðarskyldu hvað varðar upplýsingar er tengjast starfi hans og starfsemi Kópavogsbæjar.

Aðrir starfsmenn en þeir sem fá styrk skv. 7. gr. fyrrgreindra reglna skuldbinda sig til að starfa að lágmarki tvö ár, í að minnsta kosti 50% starfshlutfalli, í leikskólum Kópavogs að námi loknu. Fari starfsmaður í fæðingarorlof eða í launalaust leyfi, telst sá tími á meðan leyfinu stendur ekki til þessara tveggja ára.

Láti starfsmaður sem fengið hefur námsstyrki af störfum í leikskólum Kópavogs innan tveggja ára hefur Kópavogsbær heimild til að krefjast endurgreiðslu á þeim námsstyrkjum sem hann hefur hlotið á námstímanum. Sama gildir ef starfsmaður lætur af störfum á námstímanum. Í þessum tilvikum er Kópavogsbæ heimilt að draga fjárhæðina, eða eftirstöðvar hennar frá við afgreiðslu launa.

Kópavogur, dags.: _____

Samþykki leikskólastjóra

Sigurlaug Bjarnadóttir, deildarstjóri leikskóladeildar

Nafn umsækjanda